

þareð þingið optar, og nú með 16 atkvæðum gegn 5, hefir 1857.
staðið fast á, að kjörkostum þurra búðamanna væri þraungvað á 6. janúar.
þenna hátt, þótti stjórninni ekki næg ástæða til að fella þessa
uppástúngu, þar svo liti út, sem þinginu þætti svo mikið í hana
varið.

Þar sem alþing í staflíð 8 hafði stungið uppá, að nýjar
kosningar skyldu fram fara, þegar annaðhvort aðalþingmaður
eða varalþingmaður gengi úr, þá varð stjórnin að vera konungs-
fulltrúa samdóma í því, að þessi ákvörðun, sem einnig sætti
mótmælum af þingsins hálfu, þar ekki var fallizt á hana nema
með 13 atkvæðum gegn 8, með engu móti ætti við í tilskipun-
inni, því eptir því sem ástatt er á Íslandi mundi af því leiða
mikið ómak og tímaspillir fyrir þá sem kjósa eiga, eins og það
einnig hefði mikinn kostnaðarauka í för með sér.

3. Opið bréf, um að stofna bygginganefnd á verzlunar- 6. janúar. staðnum Akureyri.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt:
Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa al-
þingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs
um að stofna bygginganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, bjóðum
Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á verzlunarstaðnum Akureyri skal stofna bygginga-
nefnd. Í henni skulu vera þessir menn: sýslumaðurinn í Eyja-
fjarðar sýslu, tveir menn af íbúum verzlunarstaðarins, er kosnir
sè, með umsjón sýslumannsins, af þeim er lóð eiga á verzlun-
arstaðnum, og enn tveir af íbúum verzlunarstaðarins, er amtmað-
urinn álfur til þess hæfa; og á hann öðrum fremur að nefna
til þessa þá menn, er bera skyn á húsasmíði, ef til eru.

2. gr. Sérhver sá, sem náð hefir fullum lögaldri, og hefir
óflekkad mannorð, og ekki er sviptur umráðum fjár síns, á rétt
á því að taka þátt í kosningu til bygginganefndarinnar, og er
kjörgengur til hennar, ef hann á tréhús eða steinhús (kaupstað-
arhús) á lóð verzlunarstaðarins; þó mega verzlunarstjórar kjósa

1857. og verða kosnir, þegar kaupmaðurinn sjálfur er fjærverandi, þó 6. janúar. þeir eigi sjálfir sæ húseigendur.

3. gr. Nefndarmenn skulu hafa starf sitt á hendi í 6 ár, hvort heldur þeir eru kosnir af íbúum verzlunarstaðarins eða tilkvaddir af amtmanninum; þó skal annar af þeim, sem kosnir verða fyrsta sinn, fara frá eptir 3 ár, og skal það fara eptir samkomulagi, hver fyrir því verður, en ella hlutkesti ráða.

Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 6 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er eða tilkvaddur í hans stað, að eins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eptir í nefndinni, þegar hann fór frá.

4. gr. Nefnd þessi á hær eptir, samkvæmt tilskipun 17. nóvemberm. 1786, 5. gr., að taka til húsastæði til allra nýrra húsa er byggja skal, svo og til garða, ef enn virðist vera rúm fyrir þá á lóð verzlunarstaðarins, og einnig til jurtagarða, en til þeirra má þó að eins taka brekkuna. Til þessa þarf eptirá að fá samþykki hjá amtmanni. Síðan lætur sýslumaður mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar; eiga þeir svo að umgírða þær og nota innan tveggja ára; annars falla þær aptur til verzlunarstaðarins.

Til þess verzlunarstaðarinn hær eptir geti orðið bygður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni enn fremur með samþykki amtmannsins að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætin; á sýslumaðurinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er hann einn hefir áður mælt út; skal svo nefndin rita þær í sérstaka bók, og svo lóðir þær er hún sjálf úthlutar. Kostnað þann, sem leiðir af því að útvega bók þessa, og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni kynni þykja við þurfa til að rita í gjörðir sínar og bréf, skal til bráðabyrgða greiða úr jafnaðarsjóði amtsins, þángað til verzlunarstaðurinn sjálfur kann að eignast sjóð útaf fyrir sig.

5. gr. Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar á verzlunarstaðnum, og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

A. Ef nefndinni þykir þurfa að breiðka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar við

1857.

6. janúar.

húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sérhver sá, sem úthlutuð hefir verið óbyggð lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann byggir upp húsið á ný, að færa það aptur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það af verzlunarstaðnum; skal nefndin, með samþykki amtmannsins, meta það eptir stærð og verði alls byggingsvæðisins, og rírnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það að af því hefir verið tekið, eður hús flutt aptur á við, og jafna því niður á innbúa verzlunarstaðarins þannig, að helmíngurinn komi á hina eiginlegu húseigendur, eptir flatarmáli húsa þeirra, en helmínginn greiði allir þeir, er lóð hafa fengið úthlutaða, eptir stærð lóðar þeirrar, er hver hefir fengið, án þess tillit sé haft til þess, til hvers hún hefir verið notuð.

B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grend eru, og skal ávallt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grend við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eður aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir.

C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins, og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggíngarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar mót húsbruna. Um þetta skal síðan leita samþykkis amtmanns. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess svo sem verður, að iðnaðarmenn þeir, er hafa þá atvinnuvegi, er óttast mætti að hljóta kynni húsbruni af, fái hússtaði á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgjörðum á húsum, og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grant reglum þeim, sem þeim eru settar.

D. Sérhver sá sem ætlar að byggja hús af nýju, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar,

1857.
6. janúar. er sè samþykktar af amtmanni, um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hér á undan.

E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sè gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í bætur frá 5 rdl. til 25 rdl. til fátækra á þeim stað, eptir úrskurði lögregludómsins; hinn fyr nefndi verður einnig að sæta því, að húsíð sè rífið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álitur að fylgja hefði átt við smíðið; og skal sýslumaður, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefir eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram, Sömu bætur skal sá og greiða, sem að öðru leyti gjörir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin eða amtmáðurinn hefir sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hér að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka bæturnar allt að 2 ríkisdöllum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim er settar voru.

6. gr. Það sem á kveðið er í reglugjörð þessari skal einnig gilda um hús þau á lóð verzlunarstaðarins, sem eru byggð með torfpaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

Ástæður fyrir þessu opna bræfi.

Með úrskurði 18. maí 1855 féllst konungur á, að frumvarp til opins bréfs um að stofna bygginganefnd á verzlunarstaðnum Akureyri væri lagt fyrir alþing það ár, og sagði þingið álit sitt um það á lögskipaðan hátt.

Í álitinu stakk þingið í einu hljóði uppá, að frumvarp það, sem hér ræðir um, yrði óbreytt gjört að lögum, en þó

með 11 atkvæðum gegn 10, með þeim viðauka, að á milli 2. og 3. greinar frumvarpsins væri bætt inn í nýrri grein svo hljóðandi: 1857.
6. janúar.

„Sá, sem er kosinn nefndarmaður af íbúum verzlunar-
staðarins, hefir starf sitt á hendi um 4 ár, þó þannig, að af
þeim, sem kosnir verða fyrsta sinn, fer annar eptir hlutkesti
frá eptir 2 ár, og skal hlutkesti ráða, hvor fyrir því verður.

Sömuleiðis skulu þeir nefndarmenn, sem kvaddir eru af
amtmanni, hafa á hendi störf sín í 4 ár; en af þeim, sem
kvaddir verða í fyrsta sinn, fer annar frá eptir hlutkesti að
2 árum liðnum.”

Þareð starf það, sem byggingarnefndinni var ætlað, eptir því
sem sannað var, ekki er mikið, og þareð það var tilgángur
stjórnarinnar, að lagaboð þetta yrði svo stutt og einfalt sem
unnt væri, þótti þess ekki þörf í frumvarpinu að taka upp slíka
ákvörðun; en þareð alþing nú, jafnvel þó það væri með mjög
litlum atkvæðamun, hefir stúngið uppá, að inn í frumvarpið
væri bætt nýrri grein þess innihalds, sem hér að ofan segir,
og þareð alþing sem ástæðu fyrir þessum viðbæti hafði tilfært,
að vera kynni að kosningar í fyrsta sinni ekki færi vel fram,
og að menn því vildi breyta því seinna meir, áleit dómsmála-
stjórnin að hún ætti að mæla fram með því við konúng, að
ákvarðan þessi í öllu verulegu yrði staðfest, einkum þareð kon-
úngsfulltrúi einnig hafði fallizt á hana. Það þótti samt sem
áður mega álíta, að 4 ár væri of stuttur tími fyrir nefndarmenn
að hafa starfa þenna á hendur, einkum með tilliti til þess, að
þeir ekki gætu fengið nægilega þekking og reynslu, þar svo
lítið mundi verða að starfa, og stjórnarráðið stakk því upp á,
að tími þessi yrði lengdur um 2 ár. Það þótti að öðru leyti
sjálfsagt, að kjósa mætti aptur nefndarmenn þá, sem frá væri
farnir, þó ekki væri ákvarðan um þetta í lagaboðinu, sem al-
þing heldur ekki hafði stúngið uppá; en nauðsynlegt þótti að
bæta því við, að sá sem kosinn væri í stað einhvers nefndar-
manns, sem annaðhvort deyr eða flytur sig burt áður tími sá
er úti, til hvers hann er kosinn, einúngis skuli hafa starfa

1857. Þann á hendur um þann tíma, sem hinn átti eptir, því annars
6. janúar. væri hætt við, að fleiri en einn nefndarmaður færi frá í einu,
og væri það beinlínis móti því sem til var ætlað.

21. janúar. **4. Lög um skrifstofupeninga handa amtmönnum og
landfógetanum á Íslandi.**

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. Gjörum kunn-
ugt: Lög þessi hefir ríkisþingið fallið á og Vér staðfest með
samþykki Voru:

Frá 1. dag aprílmán. 1857 fær stiptamtmaðurinn og amt-
mennirnir á Íslandi þessa skrifstofupeninga:

stiptamtmaðurinn 1200 rd.

amtmaðurinn í norður- og austuramtinu . . . 600 -

amtmaðurinn í vesturamtinu 550 -

Frá sama tíma fær landfógetinn á Íslandi til skrif-
stofuhalds 300 -.

Greiða má út kostnað þann sem rís af lögum þessum á
ríkisfjár-árinu 1857—1858.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

14. marz. **5. Bréf dómismálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og
amtmananna á Íslandi um sóttvarnarhald á Íslandi
á skipum frá Norvegi.**

Utanríkisstjórnin hefir sent fyrirspurn um, hvort skip frá
Kristjánssandi í Norvegi, hvar bólusótt nú sem stendur gengur,
geti legið í sóttvarnarhaldi á Íslandi ef á þyrfti að halda. Í
tilefni af þessu hefir dómismálastjórnin sent utanríkisstjórninni